

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 122/2013

2014/EES/12/22

frá 12. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr 1950/2006 um skrá, í samræmi við tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýrallyf, yfir efni sem eru
nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

verkunarháttum, mismunandi lyfjahvarfafræðilegum eða
lyfjahrifrafræðilegum einkennum, mismunandi lengd
meðhöndlunar eða mismunandi íkomuleiðum.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um
dýrallyf⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006⁽²⁾ er tekin saman skrá yfir efni, sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt, sem má, þrátt fyrir 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, gefa dýrum af hestaætt, sem ætluð eru til slátrunar til manneldis, með fyrirvara um a.m.k. sex mánaða biðtíma til afurðanýtingar.
- 2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ var 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB breytt í því skyni að bæta við skrána yfir efnin, sem um getur í þeirri grein, efnunum sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning í samburði við aðra valkosti sem í boði eru við meðhöndlun dýra af hestaætt, hér á eftir nefnd „efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning“, til viðbótar við nauðsynleg efni.
- 3) Einungis skal bæta efni í skrána sem „efni sem hefur í för með sér aukinn klínískan ávinning“ ef það hefur í för með sér viðeigandi klíníska kosti á grundvelli aukinnar verkunar eða öryggis eða mikilvægt framlag til meðhöndlunar. Þetta getur m.a. stafað af mismunandi

- 4) Efni sem eru skráð í viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾ skulu ekki vera í skránni yfir nauðsynleg efni og efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning. Því er nauðsynlegt að breyta skránni í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1950/2006 til að fjarlægja þaðan öll efni sem eru skráð í reglugerð (ESB) nr. 37/2010.
- 5) Einnig er rétt að fjarlægja nokkur efni af skránni í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1950/2006, sem eru auðkennd sem aðrir valkosti fyrir efnin sem eru á skrá, sem eru ekki fánleg til að meðhöndla hross vegna þess að þau eru ekki skráð sem „nauðsynleg efni“ eða efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1950/2006 né heldur skráð í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 37/2010.
- 6) Vegna breytinga á löggjöf Sambandsins síðan reglugerð (EB) nr. 1950/2006 var samþykkt skal uppfæra tilvísanir í reglugerðinni í viðeigandi löggjöf varðandi eftirlitskerfi fyrir dýr af hestaætt og hámarksgildi leifa.

- 7) Dýrallyfjanefnd Lyfjastofnunar Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004⁽⁵⁾, hefur lagt vísindalegt mat á breyttu skrána sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 42, 13.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 14/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

- 8) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 1950/2006 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1950/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titils reglugerðar (EB) nr. 1950/2006 komi eftirfarandi:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006 frá 13. desember 2006 um skrá, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýrallyf, yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt og yfir efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning“.

- 2) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.“

Skráin yfir efni, sem eru nauðsynleg til að meðhöndla dýr af hestaætt, hér eftir nefnd „nauðsynleg efni“, svo og yfir efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning í samanburði við aðra valkosti sem í boði eru við meðhöndlun dýra af hestaætt, hér á eftir nefnd „efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning“, sem gildir þrátt fyrir 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.“

- 3) Í stað annarrar undirgreinar 2. gr. komi eftirfarandi:

„Heimilt er að nota efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning vegna tiltekins sjúkdómsástands, meðferðarþarfa eða meðhöndlunar á sviði dýraræktar, eins og tilgreint er í viðaukanum, ef þau hafa í för með sér viðeigandi klíníska kosti á grundvelli aukinnar verkunar eða öryggis eða mikilvægt framlag til meðhöndlunar í samanburði við lyf sem eru leyfð fyrir dýr af hestaætt eða sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2013.

Að því er varðar fyrstu og aðra undirgrein skulu aðrir kostir, sem tilgreindir eru í viðaukanum, koma til álita.“

- 4) Í stað 3. og 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.“

1. Einungis er heimilt að nota nauðsynleg efni og efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning í samræmi við 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

2. Skrá skal upplýsingar um meðhöndlun með nauðsynlegum efnum í samræmi við leiðbeiningarnar, sem mælt er fyrir um í IX. lið um auðkennisskírteini fyrir dýr af hestaætt, sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008(*).

4. gr.

Ekki má lengur nota neitt efni, sem er tilgreint í einhverri af skránum í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010(**) eða sem bannað er að nota fyrir dýr af hestaætt samkvæmt löggjöf Sambandsins, í skilningi þessarar reglugerðar.“

(*) Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3.

(**) Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

- 5) Í stað 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ef aðildarríkin eða fagfélög dýralækna fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún breyti skránni sem sett er fram í viðaukanum, skulu þau rökstyðja beiðni sína og láta fylgja öll viðeigandi vísindaleg gögn sem eru tiltæk.“

- 6) Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1950/2006 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt og efni sem hafa í för með sér aukinn klínískan ávinning í samanburði við aðra valkosti sem í boði eru við meðhöndlun dýra af hestaætt

Biðtími til afurðanýtingar fyrir hvert efni í skránni hér á eftir skal vera sex mánuðir.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
Svæfingarlyf, kvalastillandi lyf og efni sem notuð eru í tengslum við svæfingar		
Róun, lyfjaforgjöf (og gagnverkun)	Aseprómasín	Notkun: lyfjaforgjöf fyrir almenna svæfingu, væg róun Aðrir valkostir: detómíðín, rómífíðín, xýlasín, díasepam, mídasólam. Umfrjöllun um sérstaka kosti: komið hefur í ljós að aseprómasín dregur ávallt úr hættu á dauðsfalli af völdum svæfingar. Verkunarmáti (á randkerfi) og sérstaklega góð róun næst ekki með róandi lyfjum í flokki α -2-örva (detómíðíni, rómífíðíni og xýlasíni) eða bensódíasepínunum (díasepami, mídasólami).
	Atípamesól	Notkun: α -2-adrenviðtakaandörvi (e. α -2 <i>adrenoceptor antagonist</i>) er notaður til að snúa við áhrifum af α -2-örvum (e. α -2 <i>agonists</i>). Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfrjöllun um sérstaka kosti: eingöngu til að meðhöndla ofurnæm dýr og þegar um ofskömmtnun er að ræða. Neyðarlyf: Einkum notað þegar um öndunarbælingu er að ræða.
	Díasepam	Notkun: lyfjaforgjöf og framköllun svæfingar. Væg (bensódíasepín) róun með lágmarksaukaverkunum á hjarta- og æðakerfi og öndunarfæri. Krampastillandi, nauðsynlegt til að meðhöndla flog. Aðrir valkostir: aseprómasín, detómíðín, rómífíðín, xýlasín, mídasólam, primídón, fenýtóín. Umfrjöllun um sérstaka kosti: í nútímalýfjastöðlum er þetta nauðsynlegur þáttur í aðferðarlýsingu við að framkalla svæfingu og talsverð reynsla er af notkun þeirra, einkum fyrir dýr af hestaætt. Notað með ketamíni til að framkalla svæfingu þar eð það veldur nauðsynlegri slökun sem gerir snurðulausa innleiðslu og barkapræðingu mögulega. Verkunarmáti (hefur áhrif á GABA-viðtaka) og sérstök róun næst ekki með róandi lyfjum í flokki α -2-örva (detómíðíni, rómífíðíni eða xýlasíni) eða aseprómasíni án þess að fram komi hjarta- og öndunarbæling.
	Flúmaseníl	Notkun: efni í bláæð til að snúa við áhrifum af bensódíasepínunum. Viðsnúningur á áhrifum bensódíasepíns við vöknun eftir svæfingu með lyfjum sem eru gefin í bláæð. Aðrir valkostir: sarmaseníl. Umfrjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en sarmaseníl, sem veitir annars konar úrræði til að snúa við áhrifum af bensódíasepínunum eftir svæfingu með lyfjum sem eru gefin í bláæð. Sarmaseníl er örvi sem verkar að hluta til (e. <i>partial inverse agonist</i>) gegn bensódíasepínviðtökum en flúmaseníl er andörvi sem samkeppnisblokkar bindiset bensódíasepíns við GABA-viðtaka.
	Mídasólam	Notkun: lyfjaforgjöf og framköllun svæfingar. Væg (bensódíasepín) róun með lágmarksaukaverkunum á hjarta- og æðakerfi og öndunarfæri. Krampastillandi, til að meðhöndla flog, einkum fullorðin hross með stífkrampa.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Aðrir valkostir: aseprómasín, detómídín, rómífídín, xýlasín, díasepam, primídón, fenýtóín. Um fjöllum um sérstaka kosti: áþekkt díasepami en er vatnsleysið og því hentugt til innsprautunar í bláæð og nauðsynlegt við gjöf í bláæð í samsetningu með deyfilyfjum. Verkar skemur en díasepam. Hentar betur fyrir folöld en díasepam. Krampastillandi, til að meðhöndla flog, einkum fullorðin hross með stífkrampa – hentar betur til margra daga notkunar en díasepam vegna vatnsleysis. Notað með ketamíni til að framkalla svæfingu þar eð það veldur nauðsynlegri slökun sem gerir snurðulausa innleiðslu og barkaþræðingu mögulega. Verkunarmáti (hefur áhrif á GABA-viðtaka) og sérstök roun næst ekki með róandi lyfjum í flokki α-2-örva (detómíðíni, rómífíðíni eða xýlasíni) eða aseprómasíni án þess að fram komi hjarta- og öndunarþæling.
	Naloxón	Notkun: notað sem mótlyf gegn ópíumefnum, neyðarlyf. Aðrir valkostir: engir þekktir. Um fjöllum um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
	Própófól	Notkun: notað sem deyfilyf í bláæð. Innleiðsla svæfingar hjá folöldum. Aðrir valkostir: sevóflúran eða ísóflúran. Um fjöllum um sérstaka kosti: stungulyf til svæfinga sem skilst hratt út. Nýlegar skýrslur sýna fram á miklar framfarir varðandi hjarta- og æðajafnvægi og bati er mun betri en þegar notuð eru svæfingarlyf til innöndunar.
	Sarmaseníl	Notkun: notað sem andörvi við bensódíasepíni. Aðrir valkostir: flúmaseníl. Um fjöllum um sérstaka kosti: fullkominn viðsnúningur rounar vegna bensódíasepíns sem er nauðsynlegur eftir innrennsli við svæfingu með lyfjum sem eru gefin í bláæð. Klínísk reynsla af sarmaseníli er viðtækari en af öðrum nauðsynlegum efnum.
	Tiletamín	Notkun: notað sem hugrofsdeyfilyf, áþekkt ketamíni, einkum notað við svæfingu á vettvangi. Notað í samsetningu með sólasepami. Aðrir valkostir: ketamín. Um fjöllum um sérstaka kosti: notkun í samsetningu með sólasepami er nauðsynleg í tilvikum þar sem ekki er aðgangur að svæfingarlyfjum til innöndunar, s.s. við svæfingar á vettvangi. Samsetning er einnig nauðsynleg ef svæfing með ketamínsamsetningu er of skammvinn. Dæmigerð notkun er við geldingu, barkakýlisskurði, beinhimnulösun (e. <i>periosteal stripping</i>), blöðru- eða hnútabrottnám, lagfæringu á beinbroti á höfði, ásetningu gifsumbúða og lagfæringu á naflaslitu.
	Sólasepam	Notkun: bensódíasepín til rounar er einkum notað við svæfingu á vettvangi í samsetningu með tiletamíni. Aðrir valkostir: díasepam eða míasólam.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Umfjöllun um sérstaka kosti: róandi lyf í flokki bensódíasepína sem verkar lengur en bæði díasepam og mídasólam. Notkun í samsetningu með tíletamíni er nauðsynleg í tilfellum þar sem ekki er aðgangur að svæfingarlyfjum til innöndunar, s.s. við svæfingu á vettvangi. Samsetning er nauðsynleg þar sem svæfing með ketamínsamsetningu er of skammvinn. Dæmigerð notkun er við geldingu, barkakýlisskurði, beinhimnulösum (e. <i>periosteal stripping</i>), blöðru- eða hnútabrottnám, lagfæringu á beinbroti á höfði, ásetningu gifsumbúða og lagfæringu á naflaslitu.
Lágþrýstingur eða öndunarörvun í svæfingu	Dóbútamín	Notkun: notað í svæfingu til að meðhöndla lágþrýsting. Aðrir valkostir: dópamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: samdráttaraukandi meðferð (e. <i>inotrope therapy</i>), sennilega meira notað en dópamín en mismunandi er hvort er valið. Yfirleitt kemur lágþrýstingur fram hjá hrossum í svæfingu og sýnt hefur verið fram á að með því að viðhalda eðlilegum blóðþrýstingi ber síður á alvarlegri rákvöðvaleysingu (e. <i>rhabdomyolysis</i>) eftir uppskurð. Dóbútamín er ómetanlegt þegar notuð eru rokkgjörn svæfingalyf við svæfingar á hrossum.
	Dópamín	Notkun: notað í svæfingu til að meðhöndla lágþrýsting. Aðrir valkostir: dóbútamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: dópamín er notað fyrir hross sem svara ekki dóbútamíni. Dópamín er frekar notað fyrir folöld en dóbútamín. Er einnig nauðsynlegt til að meðhöndla hæglátt (e. <i>bradycardias</i>) meðan á aðgerð stendur í tilvikum þar sem atrópín verkar ekki.
	Efedrín	Notkun: notað í svæfingu til að meðhöndla lágþrýsting. Aðrir valkostir: dópamín, dóbútamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: nauðsynlegt ef dópamín og dóbútamín verka ekki. Sérstakt, adrenvirk lyf sem er líkt adrenalíni að byggingu. Ekki er gerlegt að nýta verkun katekólámíns á sérstaka viðtaka í líkamanum til hagsbóta fyrir sjúk dýr af hestaætt án þess að nýta sér nokkra katekólámína, en hver um sig verkar á mismunandi gerð viðtaka. Efedrín, sem örvar losun noradrenalíns úr taugaendum og eykur þannig samdráttarhæfni hjartans og dregur úr lágþrýsting, er því notað þegar dóbútamín og dópamín verkar ekki. Áhrif efedríns vara frá mínútum til klukkustunda og áhrif þess koma fram eftir innsprautun einu sinni í bláæð en á hinn bóginn verkar dóbútamín og dópamín einungis í nokkrar sekúndur eða mínútur og þau efni verður að gefa með innrennsli í bláæð.
	Glýkópýrrólat	Notkun: notað til að fyrirbyggja hæglátt. Andkólínvirk efni. Andkólínvirk efni eru notuð við grundvallarmeðferð til að fyrirbyggja sefkerfisáhrif, s.s. hæglátt og eru ætíð notuð við skurðaðgerðir á augum og öndunarvegi. Aðrir valkostir: atrópín. Umfjöllun um sérstaka kosti: glýkópýrrólat hefur takmörkuð áhrif á miðtaugakerfið og hentar því betur fyrir hross með meðvitund (fyrir og eftir svæfingu) en atrópín.
	Noradrenalín (norepinefrín)	Notkun: notað við hjarta- og æðabilun. Gefið með innrennsli í æð til að meðhöndla hjarta- og æðabilun í folöldum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: katekóláminviðtakar dýrsins eru þannig að þeir svara nákvæmlega lyfjum sem verka á mismunandi stöðum. Þess vegna er notuð röð katekólámína sem verkar meira eða minna eingöngu á mismunandi gerðir adrenvirkra viðtaka til að kalla fram nákvæm áhrif.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Noradrenalin verkar aðallega á alfa-1-viðtaka og veldur samdrætti slagæðlinga og eykur með því blóðþrýsting og viðheldur miðlægu hringrásinni. Hjá folöldum er noradrenalin yfirleitt eina katekolamínið sem er árangursríkt í meðferð við lágþrýstingi.
Verkjastilling	Búprenorfin	Notkun: notað til verkjastillingar, notað með róandi lyfjum til hömlunar. Aðrir valkostir: bútorfanól, fentanýl, morfin og petidín. Umfjöllun um sérstaka kosti: verkjastillandi ópíumefni, að hluta til μ-örvi. Verkun á μ-viðtaka framkallar betri verkjastillingu en κ-örvar úr flokki ópíumlyfja, s.s. bútorfanól. Langverkandi, kvalastillandi lyf. Þar sem lyfið er að hluta til örvi hefur það takmarkaða, ávanabindandi eiginleika og veldur takmarkaðri bælingu á öndunarfæri. Lang- og skammverkandi ópíumefni hafa mismunandi ábendingar og því er þörf á fleiri en einu staðgönguefni til að velja um.
	Fentanýl	Notkun: verkjastilling Aðrir valkostir: bútorfanól, búprenorfin, morfin og petidín. Umfjöllun um sérstaka kosti: μ-örvi úr flokki ópíumefna, verkun á μ-viðtaka veitir betri verkjastillingu en κ-örvi úr flokki ópíumefna, s.s. bútorfanól. Hefur mjög skamma verkun sökum hraðra efnaskipta og hraðs útskilnaðar. Fentanýl er eina ópíumlyfið, sem er notað fyrir hross, sem hentar til innrennslis í æð og sem gefa má með lyfjaplástri. Mjög öflugt til verkjameðferðar.
	Morfin	Notkun: verkjastilling Aðrir valkostir: bútorfanól, búprenorfin, petidín og fentanýl. Umfjöllun um sérstaka kosti: verkjastillandi ópíumefni með fulla verkun μ-örva. Verkun á μ-viðtaka veitir bestu verkjastillinguna. Notað með róandi lyfjum til hömlunar, notað til utanbastsdeyfingar. Kvalastillandi lyf með meðallangri verkun. Morfin er það ópíumefni í flokki μ-örva sem hefur bestu leysnieiginleikana til utanbastsinnngjafar. Með þessari íkomuleið veitir það langverkandi verkjastillingu með litlum, almennum áhrifum. Þessi tækni er mikið notuð í nútímadýralækningum til að meðhöndla mikla verki í tengslum við aðgerð (e. <i>perioperative</i>) og langvinna verki.
	Petidín	Notkun: verkjastilling Aðrir valkostir: bútorfanól, búprenorfin, morfin og fentanýl. Umfjöllun um sérstaka kosti: verkjastillandi ópíumefni úr flokki μ-örva sem hefur u.þ.b. einn tíunda af virkni morfíns. Skammverkandi ópíumefni sem hefur reynst árangursríkt til að meðhöndla ristilkrampa í hrossum. Eina ópíumefnið sem hefur krampalosandi eiginleika. Veitir meiri róun hjá hrossum en önnur ópíumefni og kallar síður fram streitu.
Vöðvaslakandi lyf og tengd efni	Atrakúríum	Notkun: notað til vöðvaslökunar við svæfingu. Aðrir valkostir: gvaífenesín. Umfjöllun um sérstaka kosti: tauga- og vöðvatálmi sem afskautar ekki. Tauga- og vöðvatálmar eru einkum notaðir við augnaðgerðir og djúpar kviðarholsaðgerðir. Edrófóníum er nauðsynlegt til viðsnúnings. Viðtækust, klínísk gögn liggja fyrir um atrakúríum og edrófóníum.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
	Edrófóníum	Notkun: notað til að snúa við vöðvaslökun af völdum atrakúríums. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: kólnesterasalati, nauðsynlegur til að snúa við vöðva- og taugablokkun. Edrófóníum hefur minnstar aukaverkanir kólnesterasalata í hrossum.
	Gvaifenesín	Notkun: notað til vöðvaslökunar við svæfingu. Aðrir valkostir: atrakúríum. Umfjöllun um sérstaka kosti: nauðsynlegur valkostur í stað α-2-/ketamínmeðhöndlunar hrossa ef frábending er gegn notkun á α-2-efnum og ketamíni, s.s. hjá hrossum sem svara ekki þessum efnum eða hrossum þar sem fram hafa komið aukaverkanir við fyrri inngjöf. Ómetanlegt í samsetningu með ketamíni og α-2-efnum til mjög öruggrar svæfingar á vettvangi þar sem önnur árangursrík tækni til gjafar í bláæð hefur ekki verið þróuð.
Svæfingarlyf til innöndunar	Sevóflúran	Notkun: notað sem svæfingarlyf til innöndunar fyrir hross með fótbrott eða aðra bæklunaráverka og til að innleiða svæfingu með grímu hjá folöldum. Aðrir valkostir: ísóflúran. Umfjöllun um sérstaka kosti: sevóflúran er rokkgjarnt svæfingarlyf sem gengur að litlu leyti inn í efnaskipti og skilst fljótt út. Þótt fyrir liggi hámarksgildi leifa fyrir ísóflúran í ESB hentar ísóflúran ekki í öllum tilvikum til svæfingar á dýrum af hestaætt þar eð æsingur samfara bata getur orðið til þess að hrossið fótbrotni. Sevóflúran er nauðsynlegt við tiltekna skurðaðgerðir á dýrum af hestaætt þegar snurðulaus bati er nauðsynlegur, þar eð sýnt hefur verið fram á það bati hjá hrossum verði snurðulausari og viðráðanlegri. Því er það frekar valið en ísóflúran fyrir hross með fótbrott eða aðra bæklunaráverka. Sevóflúran er enn fremur nauðsynlegt til að innleiða svæfingu með grímu hjá folöldum þar eð það er alveg laust við ertingu, öfugt við ísóflúran sem er ertandi og veldur því hósta og að dýrið heldur niðri í sér andanum.
Staðdehyfilyf	Búpívakain	Notkun: notað til staðdehyfingar. Aðrir valkostir: lídókaín. Umfjöllun um sérstaka kosti: langverkandi staðdehyfilyf. Notað þegar þörf er á löngum verkunartíma verkjastillingar í aðgerð og meðferð við langvinnum, miklum verkjum, s.s. hófsperru. Búpívakain er staðdehyfilyf með lengri verkun en lídókaín, sem er almennt notað. Lídókaín eitt og sér veitir staðdehyfingu í u.þ.b. eina klukkustund. Ef adrenalín er gefið með geta áhrifin varað í allt að tvær klukkustundir en því fylgir sú áhætta að blóðstreymi minnki staðbundið og því er þessi samsetning óheppileg við margs konar aðstæður. Búpívakain veitir staðdehyfingu í fjórar til sex klukkustundir og er því mun betur fallið til verkjastillingar eftir uppskurð og til þess að meðhöndla hófsperru vegna þess að ein innsprautun nægir oft; vegna velferðar dýrsins er mikilvægt að komast hjá endurtekinni sprautun með lídókaíni á klukkustundar fresti. Staðdehyfilyf sem verka skemur henta því ekki í framangreindum tilvikum þar eð það kallar á tíðar, endurteknar gjafir með tilheyrandi, aukinni hættu á aukaverkunum, sem er óviðunandi af ástæðum sem varða velferð dýra.
	Oxýbúprókaín	Notkun: notað til staðdehyfingar í augu. Aðrir valkostir: engir þekktir.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Um fjöllum um sérstaka kosti: klínísk reynsla af oxýbúprókáíni er viðtækari en af öðrum efnum sem koma til greina úr hópi nauðsynlegra efna.
	Prilókaín	Notkun: notað til staðdeyfingar á undan ísetningu bláæðarleggs. Aðrir valkostir: engir þekktir. Um fjöllum um sérstaka kosti: í sérstökum blöndum (lágbræðslublöndu staðdeyfilyfja) sem bera skal á staðbundinn hluta hörundsins þar sem lyfin frásogast um húðina á 40 mínútum. Notað til að auðvelda ísetningu bláæðarleggs, einkum hjá földöldum.
Bólueyðandi efni		
Barksterar	Triamkínólónasetoníð	Notkun: inngjöf í lið vegna slitgigtar og liðahrönnunar. Aðrir valkostir: metýlprednisólón. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur önnur áhrif á frumur og myndun efnasambands í lifandi frumum en barksterinn metýlprednisólón sem er valkostur til inngjafar í lið; triamkínólón verndar brjósk og stuðlar að viðhaldi á brjóski. Árangursríkara en kerfisbundin meðhöndlun (bólgylyf án stera (NSAID-lyf) og kondróitínsúlfat) og önnur meðhöndlun (ekki barksterar) með inngjöf í lið til að halda liðabólgu, sársauka og holti (e. <i>lameness</i>) í skefjum þegar um er að ræða bráðan og langvinnan liðasjúkdóm (e. <i>joint disease</i>), einkum slitgigt og liðahrönnun. Eina áhrifaríka meðhöndlunin við neðanbrjósksbeynholum (e. <i>subchondral bone cysts</i>) án skurðaðgerðar.
	Flúmetasón	Notkun: almenn barksterameðhöndlun í skamman tíma, þ.m.t. meðhöndlun við losti, bólueyðandi meðhöndlun og gegn ofnæmi. Aðrir valkostir: dexametasón, prednisólón. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur önnur klínísk áhrif en aðrir valkostir og er fljótverkara, hefur lengri virkni og betri verkun. Hefur annars konar verkunarmáta en aðrir valkostir (engin merkjanleg saltsteravirkni).
Lyf gegn inneitri	Pentoxífyllín	Notkun: altæk meðhöndlun og inngjöf um munn við inneitri í blóði (e. <i>endotoxaemia</i>) Hófsperra. Aðrir valkostir: flúnixín, aseprómasín. Um fjöllum um sérstaka kosti: Inneitur í blóði: hefur annars konar verkunarmáta (metýluð xantínafleiða, fosfódiesterasalati) og önnur klínísk áhrif en annar valkostur (flúnixín). Minnkar inneiturbundna losun bólgumyndandi (e. <i>pro-inflammatory</i>) frumuboða og leukótríena (e. <i>leukotrienes</i>) úr gleypifrumum og dauðkyrningum (e. <i>neutrophils</i>), dregur úr almennum viðbrögðum við inneitri. Hófsperra: hefur annars konar verkunarmáta við að auka blóðflæði fram í hófinn en annar valkostur (aseprómasín); dregur úr blóðseigju (e. <i>blood viscosity</i>) og eykur blóðflæði fram í hófinn.
	Pólýmyxín B	Notkun: almenn meðferð við inneitri í blóði sem tengist miklum innantökum og öðrum maga- og garnasjúkdómum. Aðrir valkostir: flúnixín, basískt bismútsalisýlat. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta (efni til að binda inneitur) en annar almennur valkostur (flúnixín), verkar fyrr í keðjuverkun sem inneitur kallar fram. Önnur bindivirkni, önnur íkomuleið og annar virknistaður en hjá valkostinum bismút sem gefið er um munn. Stuðlar að því að koma í veg fyrir upphaf bólgukeðjuverkunar sem er kölluð fram með því að binda inneitur og koma í veg fyrir bindingu við tolllíka viðtaka.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
Hjarta- og æðalyf		
	Amíóðarón	Notkun: gegn sveiflutruflun. Almenn meðhöndlun og inngjöf um munn við gáttatífi, ofanslegilshraðtakti og sleglahraðslætti. Aðrir valkostir: kínidínsúlfat, prókáínamið, própranolól. Umfjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en aðrir valkostir (III. flokkur, við hjartsláttartruflunum). Nýjar vísbendingar um að amíóðarón sé áhrifaríkt og öruggt við gáttatífi og betra en valkosturinn kínidínsúlfat; áhrifaríkt við mismunandi tegundum sveiflutruflana, þ.m.t. sleglasláttarglöpum (e. <i>ventricular arrhythmias</i>).
	Allópúrínól	Notkun: meðhöndlun áverka á ungið vegna endurflæðis eftir blóðþurrð (e. <i>neonatal ischaemia-reperfusion injury</i>). Aðrir valkostir: E-vítamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta á áverka eftir endurflæði (e. <i>reperfusion</i>) en aðrir valkostir; allópúrínól er xanþinoxíðasalatí sem hamlar framleiðslu stakefnis meðan á endurflæði stendur í kjölfar blóðþurrðar.
	Vasópressín	Notkun: til að meðhöndla lost hjá folöldum og fullorðnum hrossum. Aðrir valkostir: dópamín/dóbútamín adrenalín. Umfjöllun um sérstaka kosti: sértækur örvi sem verkar fyrir milligöngu V1-viðtaka. Hefur annars konar verkunarmáta en önnur leyfð efni sem stjórna blóðþrýstingi: adrenalín (adrenvirkur viðtakaörvi) og dópamín/dóbútamín (D1-5-viðtakar sem stjórna hjartaútfalli (e. <i>cardiac output</i>) og blóðæðaspennu (e. <i>blood vessel tone</i>). Notað við aðstæður þar sem dópamín/dóbútamín og adrenalín hafa verið notuð án árangurs og þörf er á annars konar lyfjafræðilegri aðferð.
	Dígoxín	Notkun: notað í meðferð við hjartabilun. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: auk þess er notkun dígoxíns eina meðferðin við aukaverkunum af kínidínmeðferð.
	Kínidínsúlfat og kínidínglúkonat	Notkun: notað í meðferð við hjartsláttartruflunum. Aðrir valkostir: prókáínamið, própranolól. Umfjöllun um sérstaka kosti: lyf gegn sveiflutruflun. Lyfið er sjaldan notað en þetta er mikilvægur meðferðarvalkostur þar eð mismunandi verkun er nauðsynleg fyrir mismunandi tegundir sveiflutruflana. Sú meðferð sem helst er valin við gáttatífi.
	Prókáínamið	Notkun: notað í meðferð við hjartsláttartruflunum. Aðrir valkostir: kínidínsúlfat og kínidínglúkonat, própranolól. Umfjöllun um sérstaka kosti: lyf gegn sveiflutruflun. Lyfið er sjaldan notað en þetta er mikilvægur meðferðarvalkostur þar eð mismunandi verkun er nauðsynleg fyrir mismunandi tegundir sveiflutruflana.
	Própranolól	Notkun: notað í meðferð við hjartsláttartruflunum. Aðrir valkostir: kínidínsúlfat og kínidínglúkonat, prókáínamið.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Um fjöllun um sérstaka kosti: háþrýstingslyf sem er notað vegna þess að það verkar einnig gegn hjartsláttartruflunum. Lyfið er sjaldan notað en þetta er mikilvægur meðferðarvalkostur. Vegna mismunandi lífeðlismeinafræði hjartsláttartruflana er nauðsynlegt að hafa úrval lyfja með mismunandi verkun svo að meðhöndla megi viðkomandi ástand. Notkun þessara lyfja felst yfirleitt í einni meðhöndlun til að ná aftur eðlilegum takti en í sjaldgæfum tilfellum er nauðsynlegt að endurtaka meðferðina.
Krampar		
	Fenýtóín	Notkun: notað í krampastillandi lyfjameðferð fyrir folöld. Meðferð við rákvöðvaleysingu (e. <i>rhabdomyolysis</i>). Meðferð við hanagangi (e. <i>stringhalt</i>). Aðrir valkostir: díasepam, prímidón, dantrólennatrium (við rákvöðvaleysingu). Um fjöllun um sérstaka kosti: nauðsynlegt krampastillandi lyf fyrir folöld. Fenýtóíni er venjulega bætt við í meðferð við flogum ef prímidón/fenóbarbital heldur ekki flogunum í skefjum. Fenýtóín er kalsíumgangablokkari og gagnlegt til að meðhöndla rákvöðvaleysingu sem kemur ítrekað upp.
	Prímidón	Notkun: notað í krampastillandi lyfjameðferð fyrir folöld. Aðrir valkostir: díasepam, fenýtóín. Um fjöllun um sérstaka kosti: prímidón hefur ábendingu sem lyf til að fylgja eftir díasepam meðferð og sem annar valkostur.
Maga- og garnalyf		
	Betaneól	Notkun: notað í meðferð við garnarstíflu, meðferð við maga- og skeifugarnarteppu í folöldum, meðferð við endurtekinni ristilteppu hjá fullorðnum hrossum. Aðrir valkostir: metóklópramíð, erýtrómýsín. Um fjöllun um sérstaka kosti: betaneól er músarínkólínargur örvi asetýlkólínviðtaka á sléttum vöðvum maga og garna og veldur því að þeir dragast saman. Sýnt hefur verið fram á að lyfið eykur hraða tæmingar í maga og botnristli. Sýnt hefur verið fram á að bæði betaneól og metóklópramíð hafa reynst gagnleg í meðferð á garnarstíflu eftir uppskurð.
	Kódín	Notkun: meðhöndlun við niðurgangi. Aðrir valkostir: basískt bismútsalisýlat. Um fjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en basískt bismútsalisýlat. Ópiúmeftni, sem hefur mótandi áhrif á hreyfingar, sem verkar á mu-viðtaka í þörmum og veitir áhrifaríka meðhöndlun við einkennum niðurgangs, sem er ekki smitandi, einkum í folöldum. Oft notað í samsetningu með lóperamíði. Svipuð verkun og hjá lóperamíði sem veitir samverkandi virkni.
	Lóperamíð	Notkun: til að meðhöndla niðurgang hjá folöldum. Aðrir valkostir: basískt bismútsalisýlat. Um fjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en basískt bismútsalisýlat. Ópiúmeftni, sem hefur mótandi áhrif á hreyfingar, sem verkar á mu-viðtaka í þörmum og veitir áhrifaríka meðhöndlun við einkennum niðurgangs, sem er ekki smitandi, hjá folöldum en önnur efni. Oft notað í samsetningu með kóðíni. Svipuð verkun og hjá kóðíni sem veitir samverkandi virkni.
	Metóklópramíð	Notkun: notað í meðferð við garnarstíflu eftir uppskurð. Aðrir valkostir: betaneól, erýtrómýsín.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Um fjöllum um sérstaka kosti: Metóklópramíð er setið bensamíð með margvíslega verkun: 1) það er andörvi döpamínviðtaka, 2) það eykur losun asetýlkólíns frá kólvirkum taugafrumum líkamans og 3) hefur adrenhamlandi áhrif. Það er áhrifaríkt til að koma aftur á samstillingu maga og garna eftir uppskurð og dregur úr umfangi, tíðni og tímalengd magabakflæðis. Metóklópramíð er hreyfiðvandi lyf sem verkar betur í nærlægum hluta meltingarvegarins. Sýnt hefur verið fram á að bæði betanekól og metóklópramíð hafa reynst gagnleg í meðferð á garnaþíflu eftir uppskurð.
	Fenoxýbensamín	Notkun: meðhöndlun við niðurgangi, ristilbólgu. Aðrir valkostir: basískt bismútsalisýlat, flúnixín. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta (α-1-andörvi og andseytiefni (e. <i>antisecretion agent</i>) en önnur leyfð meðhöndlun og kóðin. Veitir gagnlega meðhöndlun við einkennum niðurgangs og ristilbólgu.
	Própanþelínbrómíð	Notkun: öflug iðrahreyfing. Aðrir valkostir: atrópín, lídókáín, gefið þynnt með innhellingu í endaparm. Um fjöllum um sérstaka kosti: própanþelínbrómíð er tilbúið, fjörgreinótt andkólinvirktt ammóníum sem hamlar hreyfanleika og krampa í maga og görnum og minnkur seytingu magasýra. Það hamlar einnig verkun asetýlkólíns á aftanhnoðaugaenda í sefkerfinu. Áhrif þess eru áþekk áhrifum atrópíns en vara þó lengur (sex klukkustundir). Própanþelínbrómíð er mikilvægur valkostur til að draga úr iðrahreyfingum í því skyni að komast hjá því að endaparmur rifni þegar hann er þreifaður eða til að rannsaka og meðhöndla mögulega rifu í endaparmi þar sem erfitt getur verið að ná tilætluðum árangri með innhellingu lídókáíns.
	Ranitidín	Notkun: fyrirbyggjandi meðferð við magasári í ungviði. Aðrir valkostir: ómeprasól. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en ómeprasól. Íkomuleið (í bláæð) hefur í för með sér aukinn ávinning miðað við öll önnur lyf við magasári því þau þarf að gefa um munn. Ranitidínblanda í bláæð er nauðsynleg fyrir folöld ef maga- og garnaþreyfanleiki er ekki fyrir hendi en sá hópur er í mikilli áhættu á að fá magasár.
	Súkralfat	Notkun: fyrirbyggjandi meðferð við magasári í ungviði. Aðrir valkostir: ómeprasól. Um fjöllum um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en ómeprasól og mikilvæga aukaforvarnarmáta við magasári. Einstakur verkunarmáti (viðlöðun við slímhúð (e. <i>mucosal adherent</i>)) sem stillir hina líkamlegu meinsemd.
Rákvöðvaleyting		
	Dantrólennatríum	Notkun: notað í meðferð við rákvöðvaleytingu. Meðferð við illkynja ofhitnun í svæfingu. Aðrir valkostir: fenýtóín. Um fjöllum um sérstaka kosti: dantrólen hefur vöðvaslakandi áhrif með beinni verkun á vöðva þar eð það hamlar kalsíumlosun úr vöðvafrýmisnetinu og rýfur þannig tenginguna milli örvunar og samdráttar (e. <i>excitation-contraction coupling</i>). Fenítóín og dantrólennatríum hafa bæði reynst gagnleg við að meðhöndla endurtekná rákvöðvaleytingu.
Örverueyðandi lyf		

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
Sýkingar af völdum <i>Klebsiella</i> spp.	Tíkarsillín	Notkun: notað í meðferð við sýkingum af völdum <i>Klebsiella</i> spp. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: sértækt sýklalyf við sýkingum af völdum <i>Klebsiella</i> spp.
Sýkingar af völdum <i>Rhodococcus equi</i>	Asitrómýsín	Notkun: notað í meðferð við sýkingum af völdum <i>Rhodococcus equi</i> . Aðrir valkostir: erýtrómýsín. Umfjöllun um sérstaka kosti: stöðluð meðferð í samsetningu með rifampísíni sem þolist betur hjá folöldum en erýtrómýsín.
	Rifampísín	Notkun: notað í meðferð við sýkingum af völdum <i>Rhodococcus equi</i> . Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: notað í meðferð við <i>Rhodococcus equi</i> í samsetningu með erýtrómýsín eða asitrómýsín. Sú meðferð sem helst er valin.
Sýkingarliðbólga	Amikasin	Notkun: notað í meðferð við sýkingarliðbólgu. Aðrir valkostir: gentamísín eða önnur aminóglýkósíð. Umfjöllun um sérstaka kosti: folöld þola það betur en gentamísín eða önnur aminóglýkósíð.
Öndunarfæralyf		
	Ambroxól	Notkun: notað til að örva lungnablöðruseyti hjá fyrirmálsfolöldum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
	Búdesóníð	Notkun: barksteri til innöndunar til meðhöndlunar á lungnasjúkdómum vegna ofnæmis (e. <i>allergic pulmonary disease</i>). Aðrir valkostir: beklómetasón. Umfjöllun um sérstaka kosti: meðhöndlun með barksterum til innöndunar veldur minni bælingu á nýmahettubörkum, eðlileg starfsemi kemst fyrir á eftir lok meðferðar og kerfistengdar aukaverkanir eru minni en af almennri barksterameðferð vegna takmarkaðrar kerfisbundinnar upptöku. Innöndun gerir það kleift að minnka skammta og gefa virkt efni staðbundið í miklum styrk og þess vegna verður verkunin meiri. Einkum nytsamlegt til að meðhöndla væga eða erfðari sjúkdóma og fyrir viðhaldsmeðferð til lengri tíma. Þörf er á viðbótarefnum sem eru sterkari og með annan virknitíma en beklómetasón til að títra skammtinn á grundvelli klínískra viðbragða og veita sem besta meðhöndlun við sjúkdómnum. Styrkur búdesóníðs liggur á milli beklómetasóns og flútikasóns.
	Flútikasón	Notkun: barksteri til innöndunar til meðhöndlunar á lungnasjúkdómum vegna ofnæmis (e. <i>allergic pulmonary disease</i>). Aðrir valkostir: beklómetasón. Umfjöllun um sérstaka kosti: meðhöndlun með barksterum til innöndunar veldur minni bælingu á nýmahettubörkum, skjótur bati eftir lok meðferðar og kerfistengdar aukaverkanir eru minni en af almennri barksterameðferð vegna takmarkaðrar kerfisbundinnar upptöku. Innöndun gerir það kleift að gefa virkt efni staðbundið í miklum styrk og þess vegna verður verkunin meiri. Einkum nytsamlegt

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		til að meðhöndla væga eða erfiðari sjúkdóma og fyrir viðhaldsmeðferð til lengri tíma. Þörf er á viðbótarefnum sem eru sterkari og með annan virknitíma en beklómetasón til að titra skammtinn á grundvelli klínískra viðbragða og veita sem besta meðhöndlun við sjúkdómnum. Flúttikasón er 50% kröftugri en beklómetasón og helmingunartími þess er lengri (6 klst. á móti 2,8 klst.) sem veitir aukinn ávinning í alvarlegum eða erfiðum tilvikum.
	Ípratrópíumbrómið	Notkun: notað til berkjuvikkunar. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: andkólinverkun. Nauðsynlegur meðferðarvalkostur þar eð lyfið er í sumum tilvikum áhrifaríkara en ß-örvar.
	Oxýmetasólín	Notkun: notað í meðferð við bjúg í nefi. Aðrir valkostir: fenýlefrín. Umfjöllun um sérstaka kosti: α-adrenviðtakaörvi með mikla æðapregjandi eiginleika sem er frekar notaður en fenýlefrín þar eð hann verkar lengur.

Frumdýrallyf

	Ísómetamidíum	Notkun: notað í meðferð við mænu- og heilabólgu af völdum frumdýra í dýrum af hestaætt. Aðrir valkostir: pírimetamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: meðferð með pírimetamíni nægir stundum ekki til að ráða niðurlögum sjúkdómsins og því er þörf á öðrum valkosti.
	Pónasúríl	Notkun: meðferð við mænubólgu af völdum frumdýra í dýrum af hestaætt. Aðrir valkostir: ísómetamidíum, pírimetamín. Umfjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta en önnur leyfð efni, gagnlegt sem annar meðferðarvalkostur ef sjúkdómur bregst ekki við annarri meðhöndlun. Lægra hlutfall aukaverkana (niðurgangur) í samanburði við meðhöndlun með pírimetamíni/súlfónamíði; aukin klínísk verkun í samanburði við ísómetamidíum og pírimetamín.
	Pírimetamín	Notkun: notað í meðferð við mænu- og heilabólgu af völdum frumdýra í dýrum af hestaætt. Aðrir valkostir: ísómetamidíum. Umfjöllun um sérstaka kosti: a.m.k. 75% árangur þegar það er notað með súlfadíasínsúlfónamíði.

Augnlyf

Augnsár	Asýklóvír	Notkun: notað í meðferð við augnsárum (veirueyðandi lyf). Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: ídoxúridín. Umfjöllun um sérstaka kosti: asýklóvír og ídoxúridín hafa reynst jafnárangursrík í meðferð við glæruáblástri í augum (e. <i>ulcerative herpetic keratitis</i>).
	Ídoxúridín	Notkun: notað í meðferð við augnsárum (veirueyðandi lyf). Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: asýklóvír. Umfjöllun um sérstaka kosti: asýklóvír og ídoxúridín hafa reynst jafnárangursrík í meðferð við glæruáblástri í augum (e. <i>ulcerative herpetic keratitis</i>).

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
Gláka	Fenýlefrín	Notkun: notað í meðferð við gláku, tárarennisli, bjúg í nefi og miltisföngun. Aðrir valkostir: trópíkamíð (við gláku), aðrir eru ekki þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: fenýlefrín og trópíkamíð hafa reynst jafnárangursrík í meðferð við gláku.
	Trópíkamíð	Notkun: notað í meðferð við gláku. Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: fenýlefrín. Umfjöllun um sérstaka kosti: fenýlefrín og trópíkamíð hafa reynst jafnárangursrík í meðferð við gláku.
	Dorsólamíð	Notkun: notað í meðferð við gláku. Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: latanóprost, tímólólmaleat. Umfjöllun um sérstaka kosti: sérstök verkun þess sem kolsýruanhýdrasalti. Mikilvægur meðferðarvalkostur.
	Latanóprost	Notkun: notað í meðferð við gláku. Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: dorsólamíð, tímólólmaleat. Umfjöllun um sérstaka kosti: sérstök verkun þess sem F2- α -hliðstæða prostaglandíns. Mikilvægur meðferðarvalkostur.
	Tímólólmaleat	Notkun: notað í meðferð við gláku. Staðbundin notkun. Aðrir valkostir: dorsólamíð, latanóprost. Umfjöllun um sérstaka kosti: sérstök verkun þess sem ósérhæfður, beta-adrenvirkur viðtakablokkari veldur æðasamdrætti sem leiðir síðan til þess að augnvökvinn (e. <i>aqueous humour</i>) minnkar. Mikilvægur meðferðarvalkostur.
	Sýklósporín A	Notkun: ónæmisbælandi lyf, notað í meðferð við sjálfsofnæmissjúkdómum í augum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
	Ketórolak	Notkun: notað í meðferð við verk og bólgu í augum, bólgueyðandi lyf, ekki úr flokki stera, augndropar, staðbundin notkun. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: klínísk reynsla af ketórolaki er viðtækari en af öðrum efnum sem koma til greina úr hópi nauðsynlegra efna.
	Ófloxasín	Notkun: notað í meðferð við augnsýkingum sem eru þolnar gegn þeim augnsýklalyfjum sem eru almennt notuð. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: klínísk reynsla af ófloxasíni er viðtækari en af öðrum efnum sem koma til greina úr hópi nauðsynlegra efna. Eingöngu skal nota ófloxasín sem sýklalyf til vara í einstökum tilvikum í stað þeirra augnsýklalyfja sem venjulega eru notuð.
	Flúrskímulitun	Notkun: notað sem greiningartæki til að greina sáramyndun á glæru, staðbundin notkun. Aðrir valkostir: Rose Bengal-litun.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
		Umfjöllun um sérstaka kosti: Rose Bengal-litunin hefur nokkra veirueyðandi virkni en flúrskímulausn hefur ekki teljandi áhrif á veirueftirmyndun. Rose Bengal-litun til greiningar, sem er gerð á undan veiruræktun, getur því útilokað jákvæða niðurstöðu. Því er flúrskímulitun besta greiningartækið þegar veiruræktun er ráðgerð.
	Rose Bengal-litun	Notkun: notað sem greiningartæki til að greina snemmkomnar skemmdir á glæru, staðbundin notkun. Aðrir valkostir: flúrskímulitun. Umfjöllun um sérstaka kosti: Rose Bengal-litun er það greiningartæki sem helst er valið til að staðfesta mjög snemmkomnar skemmdir á glæru.

Fitudreyri

	Insúlín	Notkun: notað í meðferð við fitudreyra (e. <i>hyperlipaemia</i>), notað í samsetningu með glúkósameðferð, greining á efnaskiptaröskun. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
--	---------	---

Sveppasýkingar

	Gríseófulvín	Notkun: notað í almennri meðferð gegn sveppasýkingu. Meðferð við reformi. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: gríseófulvín gefið um munn verkar vel gegn hársvepp (<i>trichophyton</i>), örsporasvepp (<i>microsporum</i>) og húðþekjusvepp (<i>epidermophyton</i>).
	Ketókónasól	Notkun: notað í almennri meðferð gegn sveppasýkingu. Meðferð við lungnabólgu af völdum sveppa og sveppasýkingu í kokhlustarsarpi (e. <i>guttural pouch mycosis</i>). Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: klínísk reynsla af ketókónasóli er víðtækari en af öðrum efnum sem koma til greina úr hópi nauðsynlegra efna.
	Míkónasól	Notkun: notað í meðferð við sveppasýkingu í augum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: staðbundin notkun í sýktu auga, víðtækari sveppaeyðandi virkni og/eða minni ertandi áhrif en af öðrum sveppaeyðandi efnum.
	Nýstatín	Notkun: notað í meðferð við gersveppasýkingu í augum og kynfærum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: sérhæfð verkun gegn gersveppasýkingum.

Myndgreining

	Geislavirkt lyf Tc99M	Notkun: sindurritun. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: næmasta myndgreiningaraðferðin til að greina snemmbúna beinasjúkdóma og beinbrot — næmari en röntgenmyndun. Gerir það kleift að magngreina og taka myndir af stöðum sem ekki er hægt að taka röntgenmyndir af. Nauðsynleg myndgreiningaraðferð sem tryggir velferð keppnishesta (e. <i>performance horse</i>) með því að greina áverka snemma og koma í veg fyrir mjög alvarleg brot. Stuttur helmingunartími (6,01 klst.) Tc99m leiðir til þess að greinanleg geislavirkni hverfur hratt (< 72 klst.) úr hrossinu.
--	-----------------------	--

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
Ýmislegt		
	Karbamasepín	Notkun: höfuðhristingsheilkeni (e. <i>headshaking syndrome</i>) Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: karbamasepín virkar sem krampastillandi lyf með natriumgangablokkandi áhrif. Einkum notað til að meðhöndla og staðfesta sjúkdómsgreiningu á þrenndartaugarverk (e. <i>trigeminal neuralgia</i>) (höfuðhristingsheilkeni).
	Sýpróheptadín	Notkun: höfuðhristingsheilkeni (e. <i>headshaking syndrome</i>) Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: hross sem sýna einkenni birtutengds höfuðhristings (e. <i>photic headshaking</i>) bregðast vel við meðhöndlun með ofnæmislyfinu sýpróheptadíni. Auk ofnæmislyfjavirkni hefur sýpróheptadín andkólinverkun og er andörvi 5-hýdroxýtryptamíns (serótónín). Atferlið lagast yfirleitt innan sólarhrings frá því að sýpróheptadínmeðferð hefst og byrjar oft aftur innan sólarhrings frá því að meðferð er hætt. Önnur ofnæmislyf verka ekki til að koma í veg fyrir höfuðhristing.
	Domperidón	Notkun: notað við mjólkurleysi í hryssum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: andörvi dópamíns og stýrir myndun mjólkurmyndunarvaka (prólaktíns). Mjaltavaki (oxýtósín) er ekki heppilegur staðgöngukostur því að hann dregur úr mjólkurmyndun en eykur hana ekki, sem er markmiðið með domperidónmeðferð. Nefna má að mjaltavaki er líklegur til að valda kviðverkjum ef hann er notaður í stórum skömmtum.
	Gabapentín	Notkun: taugarofssársauki (e. <i>neuropathic pain</i>) Aðrir valkostir: búprenorfin, fentanýl, morfin, petidín. Umfjöllun um sérstaka kosti: hefur annars konar verkunarmáta og -stað en önnur leyfð efni. GABA-líkt efni sem blokkar kalsíumgöng og letur myndun nýrra taugamóta. Ný meðferð við taugarofssársauka og gögn benda til aukins klíníks ávinnings við meðhöndlun sársauka í tengslum við taugarof, t.d. sársauka í fótum, hófsperru og kviðverkja.
	Hýdroxýetýlsterkja.	Notkun: notað til að gefa rúmmálsfyllingu með kvoðulausn. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: heppilegur staðgöngukostur sem má auðveldlega nota í staðinn fyrir blóð eða blóðvökva.
	Imípramín	Notkun: notað til að kalla fram sáðlát hjá graðhestum sem eru með sáðlátstruflun. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
	Skjaldvakaforkveikja (e. <i>thyrotropin releasing hormone</i>)	Notkun: notað til greiningar í því skyni að staðfesta röskun í skjaldkirtli og heiladingli. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.
	Baríumsúlfat	Notkun: notað sem skuggaefni við rannsóknir á vélinda og maga og görnum. Aðrir valkostir: engir þekktir. Umfjöllun um sérstaka kosti: aðrir kostir standa ekki til boða.

Ábending	Virkt efni	Rökstuðningur fyrir notkun og útskýringar
	Jóhexól	Notkun: notað sem skuggaefni við rannsóknir á neðri hluta þvagvegar, til liðmyndatöku, mænumyndatöku, stokka- eða fistlamyndatöku og tárangamyndatöku. Aðrir valkostir: jópamídól. Umfjöllun um sérstaka kosti: ójónað skuggaefni með lítinn osmósustyrk. Þessi lyf, jóhexól og jópamídól, koma að sama gagni.
	Jópamídól	Notkun: notað sem skuggaefni við rannsóknir á neðri hluta þvagvegar, til liðmyndatöku, mænumyndatöku, stokka- eða fistlamyndatöku og tárangamyndatöku. Aðrir valkostir: jóhexól. Umfjöllun um sérstaka kosti: ójónað skuggaefni með lítinn osmósustyrk. Þessi lyf, jóhexól og jópamídól, koma að sama gagni.“